

Ræða formanns Nýherja á aðalfundi 26.1.2007

Ágætu hluthafar!

Árið 2006 var besta ár til þessa í rekstri Nýherja. Það er ánægjulegt við afkomuna að hún byggir á góðri afkomu rekstrareininga en ekki söluhagnaði eða óreglulegum tekjum. Alla fjórðunga ársins var hagnaður fyrir afskriftir, EBIDTA, á bilinu 150 til 200 milljónir króna. Ánægjulegt er að sjá að hugbúnaðarsvið fyrirtækisins sem nú er rekið undir hatti Applicon Holding ehf. gengur vel. Rekstur á danska SAP þjónustufyrirtækinu Applicon hefur gengið að vonum og samstarf með systurfyrirtækinu Applicon ehf. hér heima hefur eftt starfsemina mjög. Nýherji hefur líka stofnað Applicon fyrirtæki í Svíþjóð og á Englandi og er tilgangurinn alls staðar sá sami, að efla hugbúnaðarþjónustu á sviði SAP bókhaldskerfa. Það er athyglisvert hve margir telja enn að Nýherji sé fyrst og fremst tölvusöluþjónustufyrirtæki, en fyrirtækið rekur nú fjölbreytilega sölu- og þjónustustarfsemi.

Árið 2006 var sveiflukennt í efnahagslífinu og þó að óhætt virðist að fullyrða að almennt ríki bjartsýni í viðskiptalífinu um þessar mundir er rétt að minnst þess að í viðskiptum skiptast á skin og skúrir. Áætlanir gera ráð fyrir því að nýbyrjað ár verði afkoma svipuð í rekstri og árið 2006.

Á undanförunum árum hefur mjög mikill kraftur farið í að skrifa hugbúnaðarpakka og öll vinna við þá hefur verið gjaldfærð jafnóðum. Nú virðist komið að því að menn uppskeri árangur erfiðis síns. Ekki svo að skilja að uppbyggingu sé hætt. Hún heldur áfram af fullum krafti en nú eru þjónustuverkefni og innleiðingar komnar á það stig að reksturinn skilar afgangi. Fyrir nálægt tíu árum þegar Nýherji byrjaði vinnu við SAP kerfi vissum við að þetta yrði erfitt verkefni. markmiðið var að selja að jafnaði tvo stóra pakka á ári. Eftir um það bil tíu ár töldum við að jafnvægi yrði náð. Þó að ekki hafi allt farið nákvæmlega eftir áætlun lætur nærri að tíu ára áætlunin hafi staðist og það er mjög ánægjulegt því að það væri skrök ef sagt væri að ekki hefði oft tekið á að sjá hve erfiður reksturinn var stundum.

Reynslan árið 2006 bendir til þess að það hafi verið mjög gott fyrir Nýherja að vera með hliðstæða starfsemi í tveimur löndum. Sérfræðiþekkingin er meiri en áður og hægt er að kalla til liðstyrk milli landa þegar skórinn kreppir. Ný eru Applicon fyrirtæki starfandi í fjórum löndum. Árið 2007 verður uppbyggingartími í Englandi og Svíþjóð og ef áform ganga eftir verða fyrirtæki í verkefnum á báðum löndum í árslok. Áform okkar er að víkka starfsemina út enn frekar þegar fram líða stundir.

Gengi krónunnar sveiflaðist mikið á liðnu ári og það sýnir enn einu sinni hver erfitt það getur verið að hafa áhættu sem stjórnendur ráða lítið við. Mikil óvissa er alltaf um gengi krónunnar. Félagið reynir að tryggja sig sem best fyrir gengisáhættu en það er aldrei hægt fyllilega. Félagið fagnar því að nú er að hefjast upplýstari umræða um evruna og kosti hennar og galla fyrir Íslendinga en áður var. Meðan stærstur hluti starfsemi félagsins er á Íslandi mun félagið að sjálfsögðu nota krónu í uppgjörum. Þetta kann þó að breytast í framtíðinni ef áform um rekstur erlendis ganga eftir.

Þó að mér hafi orðið tíðrætt um hugbúnaðarsvið Nýherja fer því fjarri að minni áhersla sé á aðrar deildir en áður. Þvert á móti skiptir það mjög miklu máli að halda áfram að rækta þær deildir sem hafa reynst félaginu gjöfugar gegnum tíðina. Tölvusala hefur breyst

gegnum tíðina og sífellt stærra hlutfall af seldum tölvum er fistölvur með merki IBM eða Lenovo. Þessar tölvur seljast bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Netþjónar seldust líka mjög vel á liðnu ári. Sjálfur hafði ég persónulega mjög gaman af sýningunni Aftur til framtíðar í Hafnarhúsinu í apríl síðastliðnum en þar voru sýndar græjur af ýmsu tagi frá árinu 1980 og til þessa dags, en einkatölva kom þá fram. Það var magnað að sjá hve hröð þróunin hefur verið á ekki lengra tímabili og gefur okkur græjufélum góðar vonir um næsta ársfjórðung.

Það er gaman að segja frá því að Nýherji gekk frá samningi við öll fjármálafyrirtæki landsins um aðgangsstýringarkerfi fyrir heimabanka og þessa dagana eru aðgangsslyklar frá fyrirtækinu að streyma inn á flest heimili landsins. Nýherji kemur víðar við í bankakerfinu en í heimabönkum því að á liðnu ári hóf fyrirtækið að selja hraðbanka frá Diebold, sem er bandarískt fyrirtæki.

Á liðnu ári fékk Nýherji verðlaun sem besti samstarfsaðili Avaya í Vestur-Evrópu, en Nýherji hefur boðið upp á IP lausnir frá fyrirtækinu við vinsældir viðskiptavina bæði á Íslandi og erlendis.

Nýherji fékk á liðnu ári einkaumboð fyrir allar ljósmyndavörur Canon og sala á Canon vörum eykst stöðugt hér á landi. Almennt talað hefur starfsemi hljóð- og myndlausna gengið vel, en það er skoðun mín að á því sviði sé enn mikill óvirkjaður kraftur.

Það er mjög mikilvægt að fyrirtækið marki sér stefnu á neytendamarkaði. Nauðsynlegt er að þjónusta við almenning sé góð ef fyrirtækið ætlar sér að starfa á þeim markaði yfirhöfuð. Viðgerðarmenn og starfsmenn þjónustuvers eru andlit fyrirtækisins út á við og mjög mikilvægt að sú ásjóna sé fyrirtækinu til sóma.

Miklar breytingar hafa orðið á eignarhaldi á tölvu- og hugbúnaðarmarkaði á liðnu ári. Í janúar keypti SKÝRR EJS og TækniVal var selt. Mestar breytingar urðu þó þegar Kögun var seld til Dagsbrúnar síðastliðið vor. Síðar urðu breytingar á starfsemi Dagsbrúnar þegar starfseminni var skipt upp í nokkur félög. Óljóst virðist hvort fyrirtækin innan samstæðunnar munu áfram eiga sameið. Síminn hefur hert samkeppnina við SKÝRR og Opin kerfi og ekki ljóst hvernig þróun verður á þeim markaði. Öllum má þó ljóst vera að umhverfið er ekki eins stöðugt og áður var.

Hagnaður var mun meiri nýliðið ár en árið 2005 eða 300 milljónir króna. Hagnaður varð á flestum þáttum starfseminnar. Nokkurt tap var þó á dótturfyrirtækinu SimDex. Þar hefur verið markvisst dregið úr starfi eftir margra ára taprekstur.

Á undanförunum árum hafa umsvif Nýherja sífellt verið að aukast og ánægjulegt að hagnaðurinn er nú líka að aukast. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir því að hagnaður árið 2007 verði á svipuðum nótum.

Í október keypti Nýherji Tölvusmiðjuna ehf. á Austurlandi. Tölvusmiðjan er sterkasta upplýsingatæknifyrirtæki á Austurlandi og kaupin eru liður í því að styrkja stöðu Nýherja á þessu svæði þar sem mikil uppbygging fer fram um þessar mundir. Nýherji styrkir sig líka á Norðurlandi en opnuð var skrifstofa á Akureyri í október. Um þessar mundir er

Akureyrarbær að taka í notkun SAP kerfi, fyrst bæjarfélaga hér á landi og er gagnkvæm ánægja með samstarfið við innleiðingu þess.

Starfsemi ParX hefur tekið við sér og fyrirtækið vann að ýmsum spennandi verkefnum á árinu og má þar nefna verðmat á Landsvirkjun og úttekt á Reykjavíkflugvelli. Mikilvægt er að styrkja þennan þátt þannig að starfsemin festi sig betur í sessi.

Nýherji hefur verið að breytast á liðnum árum. Ég hef stundum tekið svo til orða að innan félagsins væru í raun mörg fyrirtæki sem stunduðu ólíkan en þó skyldan rekstur. Nú hefur þetta breyst þannig að innan Nýherja eru sérstök félög utan um marga þætti. Þetta vekur upp spurningu hvornig fyrirtækið muni þróast í framtíðinni. Allt bendir til þess að áframhald verði á þessari þróun og ýmis starfsemi sem nú er innan móðurfélagsins verði í framtíðinni í sérstökum félögum. Í fæstum tilvikum hafa þó verið teknar ákvarðanir um tímasetningar á þessum breytingum. Þó að svo verði er mikilvægt að halda áfram því hagræði sem er af því að hafa sameiginlegan innri strúktúr. Það er auðvitað breyting þegar deild verður fyrirtæki en af hálfu stjórnar er það ekki skoðað sem yfirlýsing um að deildirnar fjarlægist þar með Nýherja fjölskylduna.

Á árinu flutti Nýherji þá starfsemi sem verið hafði í Borgartúni 35 undir nafninu Lagnir og leiga í hús við Köllunarklettsveg þar sem Austurbakki var áður til húsa. Jafnframt var stærstur hluti lagersins fluttur þangað.

Nýherji leggur áherslu á skjóta, samræmda og vandaða upplýsingagjöf til fjárfesta í ársfjórðungslegum uppgjörum. Uppgjör liðins árs var þannig kynnt 19. janúar síðastliðinn, og var Nýherji þannig fyrstur félaga á hlutabréfamarkaði til þess að kynna afkomu sína. Stjórn félagsins lítur á þetta sem auglýsingu fyrir SAP kerfið, auk þess sem það eru góðir stjórnunarhættir.

Félagið vill þannig vera í fremstu röð varðandi upplýsingagjöf til fjárfesta. Þess vegna kynnir Nýherji nú starfskjarastefnu í fyrsta sinn. Stefnan sem samþykkt hefur verið í stjórn þarf að fá samþykki aðalfundar. Ætlunin með henni er ekki að gera þróngan ramma um það hvaða kjör félagið býður sínum starfsmönnum heldur fremur að hluthöfum sé ljóst hvornig uppbygging launa og hlunninda er hjá félaginu. Öll leynd á því sviði skapar óþarfa tortryggni. Mörg dæmi eru um það, ekki síst erlendis, að í skjóli leyndar hafi stjórnendur úthlutað sér kjörum sem ekki voru í neinu samræmi við árangur í vinnu fyrir hluthafa. Af þessum sökum eru birt í ársskýrslu upplýsingar um laun stjórnar, forstjóra og nokkurra helstu stjórnenda. Þessar upplýsingar eru í skýringu 7 við ársreikninginn en í skýringu 8 má sjá hvornig þóknarir til endurskoðenda hafa þróast en þær hafa hækkað um 73% frá fyrra ári.

Ég mun nú lesa starfskjarastefnuna en greidd verða atkvæði um hana undir liðnum önnur mál hér á eftir:

Starfskjarastefna Nýherja hf. skv. 3. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stefna stjórnar Nýherja hf. um starfskjör stjórnenda og starfsmanna hefur það að markmiði að laða að mjög hæft starfsfólk.

Auk fastra launa er heimilt að veita stjórnendum og starfsmönnum aukagreiðslur, fríðindi eða aðra umbun meðal annars með eftirfarandi hætti:

- 1.Með afnotum tækja og búnaðar sem tengist starfi, svo sem farsíma, fartölvu, PC tölvu, nettengingu frá heimili til vinnustaðar og annars áþekks búnaðar sem nýtist starfsmanni í hans störfum. Einnig er heimilt að starfsmenn hafi bifreið til afnota ef þörf krefur.
- 2.Með árangurstengdum kaupaukum. Félagið getur greitt kaupauka sem byggja á árangri einstakra stjórnenda eða starfsmanna í starfi. Greiðsla kaupauka tengist ýmist árangri samstæðunnar í heild, beinum árangri starfsmanns eða afkomu þeirrar deildar sem hann starfar innan.
- 3.Með kauprétti að hlutabréfum. Stjórn Nýherja hf. getur veitt stjórnendum kauprétt að hlutabréfum í félaginu og/eða dótturfélögum þess, og er gerð grein fyrir kauprétti stjórnenda í Nýherja hf. í ársreikningi félagsins, reglum samkvæmt. Stjórnin getur í einstökum tilfellum tryggt sölurétt stjórnenda á hlutabréfum, sem þeir eiga kauprétt á í Nýherja hf. eða dótturfélögum.
- 4.Félagið veitir stjórnendum eða starfsmönnum ekki lán vegna hlutabréfakaupa eða annars nema í undantekningartilfellum og þá með heimild stjórnar.
- 5.Nýherji hf. greiðir hlut vinnuveitanda til lífeyrissjóða fyrir stjórnendur og starfsmenn samkvæmt lögum og almennum samningum sem tíðkast á vinnumarkaði. Félagið greiðir ekki aukalega í lífeyrissjóð fyrir stjórnendur félagsins, nema með samþykki stjórnar. Stefna félagsins er að gera ekki eftirlaunasamninga við stjórnendur félagsins og eru engir slíkir í gildi.
- 6.Stefna Nýherja er að ekki séu gerðir sérstakir starfslokasamningar við stjórnendur eða starfsmenn í ráðningarsamningum, heldur gildi almenn gagnkvæm uppsagnarákvæði eins og almennt tíðkast á vinnumarkaði. Fyrir starfsmenn Nýherja og dótturfélaga gildir almennt gagnkvæmur þriggja mánaða uppsagnarfrestur, eða uppsagnarákvæði samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага. Stjórnin áskilur sér rétt til að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé allt að 12 mánuðir, einkum þar sem slíkur uppsagnarfrestur tíðkast svo sem vegna stjórnenda erlendis.

Ofangreind atriði eru meginþættir í starfskjarastefnu Nýherja hf. gagnvart stjórnendum eða starfsmönnum félagsins.

Rétt er að vekja athygli hluthafa á að stefnan er ekki bindandi nema 3. liður hennar, en þó ber að færa það sérstaklega til bókar á stjórnarfundum ef vikið er frá stefnunni. Jafnframt verður hluthöfum gerð grein fyrir framkvæmd stefnunnar á aðalfundum í framtíðinni.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Nýherja og dótturfélögum var 337 árið 2006 sem er 45 fleiri en árið á undan. Í árslok voru stöðugildi 351. Aukning í starfsmannafjölda frá fyrra ári er fyrst og fremst vegna fjölgunar hjá Applicon og kaupanna á Tölvusmiðjunni.

Velta félagsins jókst um 2.350 milljónir króna eða um 37%. Hlutfall launa af rekstrarkostnaði er 29% sem er nokkru hærra en áður og endurspeglar það aukna áherslu á það að selja ráðgjöf.

Stjórn telur að helsti vaxtarbroddur félagsins verði erlendis á næstu árum. Engum dyrum er þó lokað í sambandi við stækkun innanlands. Ef það heldur áfram að hasla sér þar völl er engin ástæða til þess að ætla að vöxtur verði minni en verið hefur undanfarin ár.

Hluthöfum í Nýherja fækkaði um 60 á árinu 2005 og voru þeir um 287 í árslok. Snemma á árinu ákvað stjórn að kaupa um 18% hlut sem boðinn var falur. Hluti þess hlutafjár bar boðinn hluthöfum til kaups en félagið hélt í sinni eigu tæplega 10%. Fyrir fundinum liggur tillaga um að færa hlutafé niður um 13 milljónir. Verði sú tillaga samþykkt á félagið um 5% af heildarhlutafé og getur selt þann hlut þegar hentugt færi gefst. Auk þess liggur fyrir fundinum tillaga um heimild til stjórnar að auka hlutafé um allt að 36 milljónir að nafnvirði. Hugmyndin er að verja megi þeim hlutum til kaupa á öðrum félögum ef svo ber undir. Þetta var meðal annars gert þegar Applicon a/s var keypt.

Fyrir fundinum liggur hefðbundin tillaga um heimild til stjórnar um að kaupa allt að 10% hlutafjár í félaginu. Þessi tillaga er eins og menn kannast við úr öðrum hlutafélögum.

Um afkomuna hef ég þegar fjallað. Það veldur mikill ánægju að hagnaður er nú mun meiri en undanfarin ár. reyndar er hann jafnmikill nú og samanlagður hagnaður undanfarin fjögur ár. Eiginfjárhlutfall félagsins lækkar úr 35% í 30% vegna kaupanna á eigin hlutabréfum en umfang efnahagsreiknings jókst líka mikið. Eignir eru um 15% meiri en í árslok 2005.

Stjórn leggur til að greiddur verði 45% arður. Á undanförunum árum hefur það verið stefna stjórnarinnar að arður nemi nálægt þriðjungu af hagnaði af reglulegri starfsemi og er þeirri reglu fylgt nú.

Starfsmönnum Nýherja þakka ég fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Stjórnarmönnum og forstjóra þakka ég fyrir gott samstarf. Ef vonir stjórnar ganga eftir verður nýbyrjað ár mjög gott rekstrarár hjá Nýherja. Það er ánægjulegt fyrir hluthafa og starfsmenn að starfsemin hefur gengið svo vel á liðnu ári sem raun ber vitni og ég óska öllum til hamingju með þann góða árangur sem vonandi verður hvatning til frekari dáða.